

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/596
komudagur 9.7.2009



Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Fasteignaskrá Íslands

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300 | Fax 515 5310
fasteignaskra@fasteignaskra.is | www.fasteignaskra.is

Reykjavík, 9. júlí 2009
Tilvísun: 09060415/04.10/MH

Efni: Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem Fasteignaskrá Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, 89. mál. Í umsögn þessari er einvörðungu tekin afstaða til þeirra ákvæða frumvarpsins sem lúta beint að stofnuninni og málaflökum sem undir hana heyra.

Er Fasteignamat ríkisins var sett á fót árið 1976 með lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, féll stofnunin undir fjármálaráðuneytið, sbr. ákvæði reglugerðar um Stjórnarráð Íslands frá 1969, þar sem fasteignaskráning og fasteignamat var tiltekið sem eitt verkefna hins almenna ráðuneytis, en fasteignamat var m.a. grundvöllur eignaskatta ríkisins á þeim tíma. Nú er fasteignamat sem áður álagningarstofn fasteignaskatta og fasteignagjalda sveitarfélaga, viðmið vaxtabóta, stimpilgjalda af kaupsamningum fasteigna og eftir atvikum afsölum sem og erfðafjárskatts. Með lagabreytingu á vorþingi 2008 á lögum um skráningu og mat fasteigna, nú nr. 6/2001, var heiti stofnunarinnar breytt í Fasteignaskrá Íslands. Markmiðið með þeirri breytingu var að færa hlutverk hennar enn frekar í þá átt að annast yfirstjórn og rekstur fasteignaskrár og verða þar með skráarhaldari og þróunar- og samræmingaraðili, samhliða því að vera matsstofnun. Þá var með lagabreytingunni jafnframt mælt fyrir um að kjarni fasteignaskráningar verði upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsetta afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Er það í samræmi við ríkjandi viðmið um hverjar séu kjarnaupplýsingar í fasteignaskrár ríkja. Markmið er að ná fram vel afmarkaðari og skilgreindri grunnskrá fasteigna. Við þá grunnskrá verður síðan hægt að tengja þær sérskrár sem nauðsynlegar verða taldar á hverjum tíma.

Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að færa verkefni er lúta að fasteignaskráningu og fasteignamati til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, sem verður dómsmála- og mannréttindaráðuneyti samkvæmt frumvarpinu. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti fer nú með málaflökka er varða fasteignamálefni, s.s. þinglýsingarlög nr. 39/1978, lög um landamerki, nr. 41/1919, lög um útmælingu lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl. nr.75/1917, lög um mælingu og skrásetningu lóða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 35/1914, lög um mælingu og skrásetningu lóða í lögsagnarumdæmi Akureyrar nr. 16/1951 auk landskiptalaga nr. 46/1941. Samvinna milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Fasteignaskrár Íslands hefur verið stöðug og með ágætum frá því að Landskrá fasteigna, nú fasteignaskrá, var sett á fót 1. janúar 2001. Þá var gerður þjónustusamningur milli fyrrgreindra aðila og fjármálaráðuneytisins um að stofnunin annaðist áætlanagerð, verkstjórn og eftirlit við innfærslu fasteignabóka sýslumannsembætta í Landskrá fasteigna og samræmingu upplýsinga milli þeirra og fasteignaskrár. Þá var stofnuninni falið að sjá um


fræðslu og þjálfun löglærða og ólöglærða starfsmanna sýslumannsembætta sem vinna í kerfinu auk þess sem hún rekur þjónustuborð fyrir skráningaraðila, önnur stjórnvöld og almenning. Ábyrgð á rekstri, þróun og kerfisgerð fasteignaskrár og þinglýsingakerfis sýslumannsembætta er alfarið á hendi stofnunarinnar en þess er gætt að viðhafa náðið samráð við hagsmunaaðila. Þinglýsingakerfið hefur mælst vel fyrir hjá notendum og að beiðni sýslumannsembætta hefur það verið aðlagð og tekið upp fyrir aðrar tegundir eigna, þ.e. ökutæki með tengingu í ökutækjaskrá, skip með tengingu í skipaskrá sem og lausafé.

Vegna mikilvægis og fjölbreytileika mála er tengjast fasteignum falla þau undir mörg ráðuneyti með einu eða öðrum hætti og hefur Fasteignaskrá Íslands því haft samstarf og samráð við mörg ráðuneyti af þeim sökum. Fyrir utan fjármálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti er það forsætisráðuneytið vegna málefni þjóðlendna, umhverfisráðuneyti vegna skipulags- og byggingarmála, félagsmálaráðuneyti vegna fjöleignahúsalöggjafar, landbúnaðarráðuneyti vegna jarðalaga og ábúðarlaga, samgönguráðuneyti vegna sveitarstjórnarmála og tekjustofna sveitarfélaga og viðskiptaráðuneyti vegna brunabótamats. Á sama hátt og stofnunin hefur þjónað mörgum ráðuneytum vegna fasteignamála, hefur stofnunin mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart sveitarfélögum. Þau eru skráningaraðilar í fasteignaskrá, fasteignamat er grundvöllur mikilvægrar tekjuöflunar þeirra og með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er tók gildi 1. janúar 2007, er kveðið á um að álagning fasteignagjalda skuli fara fram í fasteignaskrá. Fasteignaskrá mun vera eina sameiginlega upplýsingakerfi sem öll sveitarfélög vinna í auk þess sem fasteignaskrá er eina dæmið um sameiginlegt upplýsingakerfi beggja stjórn-sýslustiga, ríkis og sveitarfélaga. Lykilatriði er að traust ríki í garð opinberra skráa, bæði með tilliti til réttleika og rekjanleika skráðra upplýsinga, að þær endurspegli nýjustu upplýsingar sem eru tiltækar á hverjum tíma og að fyllsta öryggis sé gætt vegna eðlis upplýsinganna, m.a. með tilliti til persónuverndar. Jafnframt þurfa hinar skráðu upplýsingar að vera tiltækar hverjum sem á þeim þarf að halda og hefur heimild til að hafa að þeim aðgengi hverju sinni. Fasteignaskrá Íslands leggur mikla áherslu á þessi atriði. Til að uppfylla þær kröfur sem allra best undirbjó stofnunin og öðlaðist vottun frá Bresku staðlastofnuninni, BSI, samkvæmt ÍST ISO/IEC 27001:2005 staðlinum um stjórnun upplýsingaöryggis snemma árs 2006 og hefur staðist árlegar úttektir erlendra aðila um rekstur upplýsingakerfa samkvæmt staðlinum frá þeim tíma. Er Fasteignaskrá Íslands eina opinbera stofnunin með slíka öryggisvottun á rekstri upplýsingakerfa sinna.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram það sjónarmið að fasteignaskrá og þjóðskrá séu grunnskrár hvers þjóðfélags. Með flutningi fasteignaskráningar og fasteignamats undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið mundu þessar tvær skrár falla undir sama ráðuneyti sem ekki aðeins skapar gott umhverfi til þróunar skráningarstarfsins heldur fellur einnig vel að markmiði ríkisstjórnarinnar um að setja á fót innanríkisráðuneyti í lok kjörtímabilsins. Þar með mundu sveitastjórnarmálefni koma til með að falla undir hið sama ráðuneyti sem gerir það að verkum að þau stjórnvöld sem koma að fasteignaskráningu verði öll undir einu og sama ráðuneytinu, þ.e. sveitarfélög, Fasteignaskrá og embætti sýslumanna. Sú tilhögun einfaldar stjórn-sýslu fasteignaskráningar og styrkir grundvöll frekari þróunar á því sviði. Fasteignaskrá Íslands telur að ná megi sparnaði og aukinni hagkvæmni með því að nýta góða reynslu af kerfisgerð og skráningarfyrirkomulagi einnar grunnskrár ríkisins fyrir aðrar grunnskrár þjóðfélagsins. Með þeirri breytingu sem lögð er fram í frumvarpinu þá heyrja tvær grunnskrár landsins undir sama ráðuneytið, fasteignaskrá og þjóðskrá, auk þess sem fram kemur að fyrirhugað er að setja á fót nefnd til þess að fara yfir fyrirkomulag og mögulega hagræðingu vegna reksturs fleiri skráa svo sem fyrirtækjaskrár, ársreikningaskrár og ökutækjaskrár. Stofnunin tekur undir þau rök sem fram koma í almennum athugasemdum frumvarpsins um að breytingin

stuðli að aukinni samvinnu og samræmingu í skráarvinnslu ríkisins og feli jafnframt í sér aukna möguleika á rekstrarhagræði með ýmiss konar samrekstri og samvinnu við rekstur upplýsingakerfa eftir að stofnkostnaður fyrir hugbúnaðarþróun og aðlögun kerfa til samreksturs er greiddur.

F.h. Fasteignaskrár Íslands

A handwritten signature in black ink, reading "Margrét Hauksdóttir", written over a horizontal line.

Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri